





ÍSHELLIR Í SUÐURJÖKLI Á LANGJÖKLI

Deiliskipulag – Greinargerð - Tillaga

04.03.2021



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggð þann _____

f.h. Bláskógabyggðar

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

HÖFUNDUR	VERKNR.	RÝNT	DAGS
AB	6645-001	ÁJ	

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
1.2	Markmið	4
2	FORSENDUR	5
2.1	Staðhættir	5
2.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.3	Ferðapjónusta	6
2.4	Náttúruvá og hreyfing jökuls	7
2.5	Framkvæmdalýsing	7
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	8
3.1	Lóð	8
3.2	Heimilaðar framkvæmdir innan lóðar	8
3.3	Aðkoma	8
3.4	Viðhald	9
3.5	Frágangur svæðisins	9
4	UMHVERFISÁHRIF	9
5	HEIMILDASKRÁ	10

1 INNGANGUR

Hér er sett fram deiliskipulag sem nær til afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Ferðaþjónustufyrirtækið Skálpi hefur óskað eftir að gera íshelli í suðurhlíðum Langjökuls. Undanfarin tvö ár hefur náttúrulegur íshellir í Langjökli verið nýttur sem viðkomustaður með gesti í vélsleðaferðum. Þar sem hann er ekki lengur til staðar og ekki er hægt að tryggja reglulegar ferðir í náttúrulega íshella á svæðinu, var óskað eftir að útbúa manngerðan öruggan íshelli sem hægt yrði að halda við og nýta fyrir starfsemina.

Svæðið sem um ræðir er innan þjóðlendu og er í um 600 m hæð yfir sjó, neðarlega í Suðurjökli sem tengist við Langjökul að austanverðu við Skálpanes. Fyrirhuguð staðsetning íshellisins um 3000 metrum sunnan við Skriðufell. Svæðið sem um ræðir er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Með deiliskipulagi verður mögulegt að gera samkomulag milli sveitarfélagsins og ríkis um svæðið og úthluta síðan svæðinu með tilheyrandi lóðaleigusamningi, sem þarf staðfestingu forsætisráðuneytinu.

Í deiliskipulaginu er afmörkuð lóð fyrir íshellinn, gerð grein fyrir framkvæmd, aðkomu og viðhaldi hans. Einnig verður gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í samræmi við skipulagslög umsögn Skipulagsstofnunar frá 3. febrúar 2021 falla áformaðar framkvæmdir ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsupprættir eru unnir á kortagrunni sveitarfélagsins og kortagrunnum IS50v frá LMÍ. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93.

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000, dagsettur 03.03. 2021.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum, dagsettur 03.03. 2021.

1.2 Markmið

Fyrirtækið Skálpi ehf. hefur aðstöðu í Skálpanesskála og Geldingarfelli. Mikil eftirspurn er til fyrirtækisins eftir ferðum í íshella en þar sem náttúrulegir íshellar eru að hverfa á svæðinu vegna bráðnunar er vilji til að gera manngerðan öruggan helli fyrir ferðamenn til að koma til móts við eftirspurn. Í venjulegu árferði sækja um 55.000 manns Suðurjökul á hverju ári. Með framkvæmdunum er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring.


Markmiðið er að fá lóð fyrir manngerðan íshelli á austanverðum Langjökli, sem nýttur verður til ferðapjónustustarfsemi fyrirtækisins.

2 FORSENDUR

2.1 Staðhættir

Svæðið sem um ræðir er innan Þjóðlendu og er í um 600 m hæð yfir sjó, neðarlega í Suðurjökli sem tengist við Langjökul að austanverðu við Skálpanes. Fyrirhuguð staðsetning íshellisins um 3000 metrum sunnan við Skriðufell. Svæðið sem um ræðir er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi. Aðkoma að lóðinni er því ekki sýnd á skipulagsupprætti.

Valið var svæði sem ekki er sprungið eða með rásum og borað var inn í jökulinn um 50 metra í tilraunaskyni. Íshellirinn kemur til með að vera neðan við núverandi jafnvægislínu á jöklinum.



MYND 1. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins ¹

¹ (Loftmyndir ehf., á.á.)

2.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027 var staðfest þann 25. maí 2018. Svæðið sem um ræðir er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Samhliða deiliskipulagi þessu er gerð breyting á aðalskipulagi og skilgreint svæði fyrir afþreyingar og ferðamannasvæði AF33 á jöklinum.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF33	Íshellir Suðurjökli	Manngerður íshellir. Viðkomustaður fyrir ferðamenn. Gert er ráð fyrir allt að 800 m ³ íshelli. Aðkoma að svæðinu verður á snjó og/eða jökli. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Afréttur /þjóðlenda

Í stefnu aðalskipulagsins segir:

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.“
„Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað [...].“
„Fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.“
„Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.“

Í kafla 2.2 um Hálendi segir:

„Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.“
„Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.“
„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.“
„Stefnt er að auknu öryggi á hálendissvæðum sveitarfélagsins.“
„Áhersla er lögð á uppbyggingu stofnvega.“

Samræmi við gildandi aðalskipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar falla vel að stefnu sveitarfélagsins er varðar nýtingu hálendisins til útivistar og eykur komu ferðamanna allt árið um kring. Manngerðir íshellar á þessu svæði falla vel að umhverfi og náttúru á jöklinum og hefur ekki neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna þar sem íshellar eru algengir á jöklum. Með manngerðum íshelli er hægt að tryggja öryggi ferðamanna en jafnframt gert það kleift að upplifa undur jökulsins eins og um náttúrulegan íshelli væri að ræða.

2.3 Ferðaþjónusta

Fyrirhugaðar framkvæmdir er taldar falla vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Þar segir:

„Ferðaþjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu“.

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. „Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma“. Uppbygging íshella eykur fjölbreytni í ferðaþjónustu, er í sátt við umhverfið og er afturkræf framkvæmd. Með framkvæmdunum er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring.

2.4 Náttúruvá og hreyfing jökuls

Bláskógabyggð er á Suðurlandsskjálftabeltinu og þar er mikil jarðskjálftahætta. Þá hefur skapast flóðahætta í eða við farvegi þegar jöklar hlaupa fram. Suðurjökull skriður rólega til austurs og í nágrenni hans eru engin sjáanleg ummerki á landi að hann hafi hlaupið fram. Ólíklegt er að til framhlaups kæmi sem næði til umrædds svæðis en ef það gerist eru líkur á að hellirinn eyðileggist með öllu og því skal að huga vel að viðhaldi hans.

2.5 Framkvæmdalýsing

Ísinn á þessum stað er mjög þéttur og deigur og er ekki sprunginn þrátt fyrir framskrið. Fyrirhuguð staðsetning hans í jöklinum er því talin henta mjög vel fyrir íshelli sem gæti verið nokkuð aðgengilegur allt árið um kring. Ísgöngin verða gerð með smágröfu með fræs. Fræsinn er útbúinn stáلتönnum sem skafa ísinn í litlu magni í senn. Ekki er gert ráð fyrir miklu vatni í hellinum þar sem hann er alveg lokaður að innan og vatn af yfirborði jökulsins nær ekki að renna ofaní hann, þar sem hann mun halla upp á við. Hætta á hruni inni í helli er lítil vegna þess að fræsingin skilar sléttum fleti með litu raski í hverri umferð, hins vegar er meiri hætt á hruni á ís og snjó við gangnamunnan.



MYND 2. Áferð á íshelli eftir fræsing (mynd Herbert Hauksson)

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Lóð


Skilgreind er lóð sem er 2,25 ha að stærð. Lóðin er mjó en um 500 m löng og teygir sig upp jökulinn í u.þ.b. 730 m h.y.s. þvert á hæðarlínur.

Lóðablað sýnir stærð lóðar og lóðamörk. Eðlilega munu hnit lóðamarka hnikastráðar til, en á föstu landi þar sem framskið jökulsins bætist við eðlilegar hreyfingar jarðskorpunnar.

Ef misræmi er milli skipulags og lóðablaðs, gildir lóðablaðið.

3.2 Heimilaðar framkvæmdir innan lóðar


Innan lóðar er heimilt að gera manngerðan íshelli í jökulinn. Íshellirinn verður u.þ.b. 40-50 m langur, 3-4 m breiður með 3 m lofthæð. Gólfíð í hellinum mun halla u.þ.b. 2-4° upp í móti til að þyngri lofttegundir leiti út úr hellinum sem og til þess að hann ræsti sig af vatni.



MYND 3. Þversnið af íshellinum.

3.3 Aðkoma

Til að komast að íshellinum er farið vegslóða frá Skálpanesskála upp á jökulröndina. Þaðan er farið norður eftir jökulröndinni þar til komið er að íshellinum. Á veturna er ekið á frosinni og snævipakinni jörð.



MYND 4. Vegslóðinn (gulmerktur) frá Skálpanesskála (neðst t.h.) að jökulröndinni² (Grunnmynd: map.is)

3.4 Viðhald

Ef hellinum er ekki viðhaldið mun hann hverfa og öll ummerki um hann þurrkast út á 2-3 árum ef jökullinn heldur áfram að hopa á núverandi hraða. Hellinum verður því haldið við með reglulegum fræsingum eftir þörfum.

3.5 Frágangur svæðisins

Ekki er fyrirhugað að nein aðstaða verði sett upp á svæðinu fyrir ferðamenn eða starfsfólk enda einungis um 3 km í Skálpanesskála þar sem öll aðstaða er fyrir hendi.

4 UMHVERFISÁHRIF

Í tölvupósti frá Skipulagsstofnun dags. 3. febrúar 2021 kemur fram að áformaðar framkvæmdir falli ekki undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mati á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

² (Landmælingar Íslands, e.d.)

Helstu umhverfisáhrif er umferð á jöklinum sem hefur í för með sér staðbundin afturkræf áhrif. Íshellirinn sjálfur er einnig afturkræf framkvæmd sem hefur lítil sjónræn áhrif þar sem einungis op hans verður sjáanlegt.

5 HEIMILDASKRÁ

Landmælingar Íslands. á.á. „Kortasjá“. <https://kortasja.lmi.is/>.

Loftmyndir ehf. <http://map.is/>